

5. gr.

Í upphafi X. kafla á undan bókstafslíð A bætast sex nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Læknadeild veitir kennslu sem hér segir:

Til kándíðatsprófs í læknisfræði.

Til kándíðatsprófs í lyfjafræði.

Til B.S. prófs í hjúkrunarfræði.

Til B.S. prófs í sjúkrahjálfun.

Til meistara- og doktorsprófs í heilbrigðis- og lífvísindum á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Deildin setur nánari reglur um nám til meistara- og doktorsprófs sem háskólaráð staðfestir.

6. gr.

Reglugerð þessi sem er settt samkvæmt heimild í 40. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. október 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda laugardaginn 1. október 1994.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 30. september 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 10. október 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.